



# Vöktun á umhverfisþáttum vegna fiskeldis við Sigmundarhús í Reyðarfirði 2022

Þorleifur Eiríksson  
Sigurður Ívar Jónsson  
Þorleifur Ágústsson

ISSN 2547-6696  
ISBN 978-9935-514-22-6  
RORUM 2023 005

## Lykilsíða

Skýrsla: RORUM 2023 005	Dags.: 28.04.2023	Dreifing: Opin	Fjöldi síðna: 14		
ISSN 2547-6696		ISBN 978-9935-514-22-6			
Heiti skýrslu: <b>Vöktun á umhverfisþáttum vegna fiskeldis við Sigmundarhús í Reyðarfirði 2022</b>					
Höfundar Þorleifur Eiríksson Sigurður Ívar Jónsson Þorleifur Ágústsson					
Framkvæmd: RORUM					
Unnið fyrir: Laxar fiskeldi					
Útdráttur Laxar fiskeldi ehf. (450220-1400 ) er með sjókvíeldi við Sigmundarhús í Reyðarfirði og reglubundin sýnataka að lokinni hvíld svæðis fór fram 13. október 2022. Sýnatökustaðir voru valdir í samræmi við ISO 12878:2012 staðalinn og vöktunaráætlun Laxar fiskeldi fyrir Reyðarfjörð. Tekin voru sýni til skoðunar á botndýralífi, efnainnihaldi og til mælinga (redox, pH, hita, H2S). Jafnframt voru gerðar fuglaathuganir. Aðferðir eru útskýrðar. Niðurstöður eru settar fram í töflum og texta. Niðurstöður sýna ekki merki lífræns álags við fiskeldiskvíar við Sigmundarhús og því eðlilegt að hefja eldi að nýju.					
Lykilorð: Botndýrafána, botndýrasamfélög, Austfirðir, Reyðarfjörður, Sigmundarhús, fiskeldi.					

## Efnisyfirlit

Lykilsíða .....	2
Efnisyfirlit .....	3
Myndir .....	4
Töflur .....	4
Útdráttur .....	4
1. Inngangur .....	5
2. Aðferðir .....	5
2.1. Botnsýnataka .....	6
2.2. Mælingar .....	6
2.3. Efnasýni .....	6
2.4. Kornastærð .....	7
2.5. Vatnssýnataka .....	7
2.6. Fuglar .....	7
2.7. Mat á fjölbreytni .....	7
3. Niðurstöður .....	8
3.1. Fuglar .....	13
4. Umræður .....	13
5. Þakkir .....	13
6. Heimildir .....	14

## Myndir

Mynd 2-1. Sýnatökustöðvar við sjókvíaeldistöð við Sigmundarhús í Reyðarfirði.....	5
Mynd 2-2. Lokuð Van Veen greip til vinstri og opin greip með sýni til hægri.....	6
Mynd 3-1. Fjölbreytnistuðullinn Shannon H' á mismunandi svæðum. ....	12
Mynd 3-2. Einsleitnistuðullinn J' á mismunandi svæðum.....	12
Mynd 3-3. Fjölbreytnistuðullinn Simpsons D á mismunandi stöðvum. ....	13

## Töflur

Tafla 2-1. Staðsetning sýnatökustöðva .....	5
Tafla 3-1. Lýsing á botngerð. ....	8
Tafla 3-2. Hiti, pH og ORP á mismunandi stöðvum. ....	8
Tafla 3-3. Niðurstöður efnagreininga á setsýnum.....	8
Tafla 3-4. Niðurstöður efnagreininga á sjósýnum.....	9
Tafla 3-5. Tegundir og fjöldi botndýra sem fundust eftir stöðvum.....	9
Tafla 3-6. Fjölbreytnistuðlar fyrir mismunandi stöðvar. ....	11

## Útdráttur

Laxar fiskeldi ehf. (450220-1400 ) er með sjókvíeldi við Sigmundarhús í Reyðarfirði og reglubundin sýnataka að lokinni hvíld svæðis fór fram 13. október 2022. Sýnatökustaðir voru valdir í samræmi við ISO 12878:2012 staðalinn og vöktunaráætlun Laxar fiskeldi fyrir Reyðarfjörð. Tekin voru sýni til skoðunar á botndýralífi, efnainnihaldi og til mælinga (redox, pH, hita, H<sub>2</sub>S). Jafnframt voru gerðar fuglaathuganir. Aðferðir eru útskýrðar. Niðurstöður eru settar fram í töflum og texta. Niðurstöður sýna ekki merki lífræns álags við fiskeldiskvíar við Sigmundarhús og því eðlilegt að hefja eldi að nýju.

## 1. Inngangur

Laxar fiskeldi er með fiskeldi við Sigundarhús í Reyðarfirði. Staðsetning samkvæmt starfsleyfi (Umhverfisstofnun 2020).

Í samræmi við vöktunaráætlun fyrir fiskeldi í Reyðarfirði fór fram reglubundin sýnataka við sjókvíaeldissvæðið eftir hvíld svæðis við Sigmundarhús 13. október 2022.


## 2. Aðferðir

Sýni voru tekin til greiningar á botndýralífi, oxunargildi botnleðju, efnainnihaldi botnleðju og efnainnihaldi vatns. Jafnframt voru gerðar fuglaathuganir við kvíarnar.

Staðsetning sýnatökustöðva er í Tafla 2-1 og kort er á Mynd 2-1. Sýni voru tekin á þrem stöðvum. Nærsvæði (stöð A) er tekin alveg við kví (0m), miðsvæði (stöð B) er tekin 30m frá kví og fjarsvæði (stöð C) er tekin 100m frá kví. Stöð D er control stöð tekin 1000m frá kví.

## Tafla 2-1. Staðsetning sýnatökustöðva

	Heiti punkts	Fjarlæð (m)	Norðurhnit	Vesturhnit
Nærsvæði	Stöð A	0	65°02.333	13°53.832
Miðsvæði	Stöð B	30	65°02.027	13°53.903
Fjarsvæði	Stöð C	100	65°02.037	13°53.790
Control	Stöð D	1000	65°02.007	13°55.311



Mynd 2-1. Sýnatökustöðvar við sjókvíaeldistöð við Sigmundarhús í Reyðarfirði.

## 2.1. Botnsýnataka

Við botnsýnatöku var notuð Van Veen botngreip með flatarmálið 250 cm<sup>2</sup> (Mynd 2-2). Sýni voru sigtuð í rennandi vatni með 0,5 mm sigti um borð í sýnatökubátnum og komið fyrir í eins l plastfötum og 5-10% formalíni hellt yfir sýnið. Auk þess var bætt við einni skeið af bóraxi til að koma í veg fyrir að kalk leystist upp. Eftir 2-3 daga var formalíni hellt af og 80 % alkóhól sett í staðinn. Á hverri stöð voru tekin tvö sýni til að greina botndýrasamfélög. Væri sýnið stórt var því skipt niður í hæfileg hlutsýni.

Dýr voru greind til tegunda eða hópa undir víðsjá og talin. Tekin voru meðaltöl af mismunandi greiparsýnum.



Mynd 2-2. Lokuð Van Veen greip til vinstri og opin greip með sýni til hægri.

## 2.2. Mælingar

Á hverri sýnatökustöð var tekin sérstök greip til að mæla hita í botnleðju (°C), sýrustig (pH) og oxunargildi leðjunnar (redox, ORP - Oxidation-reduction potential). Greip var opnuð að ofan og mælt var í yfirborði leðjunnar.

Yfirborði var lýst: Péttleika og grófleika yfirborðs, lit, hvort það sæjust gasbólur, hvort það sæist bakteríuskán eða fóðurköggjar.

## 2.3. Efnasýni

Á hverri sýnatökustöð var tekin sérstök greip til að taka sýni til efnagreininga sem tekin voru úr yfirborði leðjunnar. Sýni voru sett í glerkrukkur og þeim komið fyrir í frysti þar til þau voru send í efnagreiningu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í sýnum var greint: Heildar kolefni (TOC) heildar köfnunarefni (TN) og heildar fosfór (TP).

## 2.4. Kornastærð

Á hverri sýnatökustöð var tekin sérstök greip fyrir kornastærð. Kornastærðarsýni voru skoðuð hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.

## 2.5. Vatnssýnataka

Vatnssýni voru tekin á fyrirhuguðum eldissvæðum ásamt control-stöð. Sýni voru tekin með vatnssýnataka 60 cm undir yfirborði. Sýni voru sett í plastflösku, komið fyrir í frysti og send í efnagreiningu hjá Sýni ehf. Í vatnssýnum var greint heildar köfnunarefni (TN) og heildar fosför (TP).

## 2.6. Fuglar

Gerðar voru fuglaathuganir. Taldir voru fuglar í nágrenni sjókvíaeldissvæða, þeir greindir til tegunda og atferli þeirra lýst.

## 2.7. Mat á fjölbreytni

Fjölbreytni var metin með Shannon H' fjölbreytnistuðli, Einsleitnistuðli J' (Pileou) og Simpsons D fjölbreytnistuðlinum (Shannon 1948; Simpson 1949; Pileou 1966a, 1966b; Gharibi, Arastou 2011; Þorleifur Eiríksson og Guðmundur Víðir Helgason 2016).

Shannon fjölbreytnistuðullinn H':

$$H' = - \sum_{i=1}^S p_i \log_2 p_i$$

þar sem:

S = fjöldi tegunda,

$p_i$  = hlutdeild af heildarsýni, sem tilheyrir tegund i.

$p_i$  hækkar eftir því sem fjölbreytileiki eykst og er stuðullinn hæstur þegar

fjöldi einstaklinga er sa sami hjá öllum tegundum.

$$H'_{max} = - \sum_{i=1}^S \frac{1}{S} \log_2 \frac{1}{S} = \log_2 S$$

Einsleitnistuðullinn J', er nátengdur Shannon stuðlinum en sýnir hvort jafnræði er milli tegunda eða ein eða fáar tegundir eru sérstaklega áberandi. Stuðullinn lækkar þegar það gerist, en hann getur mest orðið 1.

Einsleitnistuðullinn J:

$$J' = \frac{H'}{H'_{max}}$$

Simpsons fjölbreytnistuðull D:

$$D = \frac{1 - \sum n(n-1)}{N(N-1)}$$

þar sem  $n$  er fjöldi einstaklinga af tegund eða hópi og  $N$  = heildar fjöldi einstaklinga.

Fjölbreytnistuðlarnir Shannon H' og Simpsons D og Einsleitnistiðullinn J' voru reiknaðir fyrir botndýrasamfélög á mismunandi svæðum við Sigmundarhús.

### 3. Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í texta, töflum og myndum.

Lýsing á botngerð er í töflu 3-1 en þar er skráð dýpi, botngerð, litur, lykt, gasbólur, bakteríuskán og fóðurköggjar.

Tafla 3-1. Lýsing á botngerð.

	Dýpi (m)	Botngerð	Litur	Lykt	Gasbólur	Bakteríuskán	Fóðurköggjar
Stöð A	60	Fín leðja	Svört	Engin	Engar	Engin	Engir
Stöð B	60	Fín leðja	Dökkgrá	Engin	Engar	Engin	Engir
Stöð C	56,8	Fín leðja	Ljósgrá	Engin	Engar	Engin	Engir
Stöð D	56,4	Þéttur leir	Ljósgrár	Engin	Engar	Engin	Engir

Í töflu 3-2 er hiti, pH gildi og ORP gildi.

Tafla 3-2. Hiti, pH og ORP á mismunandi stöðvum.

	Hiti (°C)	pH-gildi	ORP-gildi	H <sub>2</sub> S (ppm)
Stöð A	7,4	7,75	72.75	0
Stöð B	6,7	7,57	122.75	0
Stöð C	7,6	7,74	103.75	n/a
Stöð D	6,3	7,89	139.75	n/a

Gildi fyrir Redox (ORP) á stöðvum á sniði frá kvíum sýna ekki merki lífræns álags.

Niðurstöður efnagreininga á setsýnum og sjósýnum eru sýndar í Tafla 3-3 og Tafla 3-4.

Tafla 3-3. Niðurstöður efnagreininga á setsýnum

	TOC % í þe.	TN % í þe.	TP mg/kg í þe.	H <sub>2</sub> S Hlutf.
Stöð A	1,4	0,13	1480	0,34
Stöð B	1	0,14	1130	0,25
Stöð C	0,9	0,15	1150	0,30
Stöð D	0,8	0,14	986	0,15

Tafla 3-4. Niðurstöður efnagreininga á sjósýnum.

	TN (mg/L)	TP (mg/L)
Stöð C	< 0,5	0,1
Stöð D	< 0,5	< 0,1

Í Tafla 3-5 eru niðurstöður greininga á botndýrum á mismunandi stöðvum.

Tafla 3-5. Tegundir og fjöldi botndýra sem fundust eftir stöðvum.

			Tegund / hópur	St A	St B	St C	St D
Platyhelminthes							
			Platyhelminthes	4			
Nemertea							
			Nemertea	2	2		10
Mollusca							
Bivalvia							
			Mytilidae				
				Mytilus edulis	2	2	
				Musculus discors			2
			Myidae				
				Mya truncata	2		
			Tellinidae				
				Macoma calcarea	14	10	8
			Nuculanida				
			Nuculanidae				
				Nuculana pernula		6	4
			Yoldiidae				
				Yoldia hyperborea			6
			Nuculida				
			Nuculidae				
				Ennucula tenuis	4	10	8
			Semelidae				
				Abra nitida	10	12	8
			Gastropoda				
			Cephalaspidea				
			Retusidae				
				Retusa obtusa	2	2	2
			Polychaeta				
			Polychaeta	44	24	10	72
			Sedentaria				
			Sabellida				
			Sabellidae				
				Sabellidae	2	16	

		Euchone papilosa	2	16	38	
	Terebellida					
	Pectinariidae					
		Lagis koreni		2		
		Cistenides granulata			2	
	Terebellidae					
		Terebellidae		2		
	Ampharetidae					
		Ampharetidae	30		4	
		Ampharete sp	6	20	32	
	Oweniidae					
		Owenia fusiformis			4	16
		Galathowenia oculata	18	16	8	80
	Trichobranchidae					
		Terebellides stroemi		2	2	
	Cirratulidae					
		Chaetozone setosa	170	120	98	
	Spionida					
	Spionidae					
		Spio filicornis	22	12	8	
		Prionospio steenstrupi	22	6	18	4
	Scolecida					
	Capitellidae					
		Capitellidae	264	18	14	
	Maldanidae					
		Maldanidae			8	66
		Maldane sarsi				206
		Praxillella praetermissa			2	
	Paraonidae					
		Paraonidae				2
	Orbiniidae					
		Scoloplos armiger	2			2
	Cossuridae					
		Cossura pygodactylata	158	150	240	
	Scalibregmatidae					
		Scalibregmatidae	6			
	Eunicida					
	Lumbrineridae					
		Scoletoma fragilis	2		4	8
	Dorvilleidae					
		Dorvilleidae	24	6	2	
	Errantia					
	Phyllodocida					
	Phyllodocidae					
		Phyllodoce maculata	2	2		

		Eteone longa	14	10		
	Syllidae					
		Syllidae		2	28	
		Syllis gracilis	2		2	
	Goniadidae					
		Goniada maculata		2		
	Nephtyidae					
		Nephtys sp		2		
	Polynoidae					
		Pholoe sp	14	8	2	
	Crustacea					
	Amphipoda					
		Amphipoda		2		
	Cumacea					
	Leuconidae					
		Leucon sp			6	
	Diastylidae					
		Diastylis sp			2	
	Decapoda					
	Oregoniidae					
		Hyas coarctatus		2		
	Fjöldi Tegunda/hópa		27	25	27	17


Botndýrasamfélögin einkennast af samlokum (Bivalvia), sérstaklega gljáhnytlu (*Ennucula tenuis*), hallloku (*Macoma calcarea*) og lýsuskel (*Abra nitida*), og burstaormum (Polychaeta) einkum nikkubendli (*Chaetozone setosa*), Capitellidae og langbræði (*Cossura pygodactylata*).

Tafla 3-6 sýnir fjölbreytnistuðlana sem reiknaðir voru fyrir botndýrasamfélög við Sigmundarhús: fjölbreytnistuðullinn Shannon H', einsleitnistuðullinn J' og fjölbreytnistuðullinn Simpsons D.


Tafla 3-6. Fjölbreytnistuðlar fyrir mismunandi stöðvar.

	H' (ln)	H' (log2)	H' (log10)	J'	D
A	2,1668	3,1261	0,9410	0,6574	0,8197
B	2,3081	3,3299	1,0024	0,7170	0,8263
C	2,0549	2,9646	0,8924	0,6235	0,7550
D	1,8868	2,7221	0,8194	0,6660	0,7773


Mynd 3-1, Mynd 3-2 og Mynd 3-3 sýna fjölbreytnistuðla fyrir botndýrasamfélög á mismunandi svæðum.



Mynd 3-1. Fjölbreytnistuðullinn Shannon  $H'$  á mismunandi svæðum.



Mynd 3-2. Einsleitnistuðullinn  $J'$  á mismunandi svæðum.



Mynd 3-3. Fjölbreytnistuðullinn Simpsons D á mismunandi stöðvum.

Fjölbreytni er töluverð á sýnatökustöðvunum við Sigmundarhús (Mynd 3-1, Mynd 3-2 og Mynd 3-3).

### 3.1. Fuglar

Fuglar voru taldir. Það sáust 5 fílar og 2 æðakollur.

## 4. Umræður

Botndýrasamfélög við Sigmundarhús bera ekki merki lífræns álags. Tegundafjöldi var svipaður á mismunandi stöðvum.

Mælingar á Redox (ORP) og pH sýna svipaðar niðurstöður og botndýrafánan, þ.e. ekki merki um lífrænt álag.

Fjölbreytni endurspeglast í fjölbreytnistuðlum eins og við má búast. Fjölbreytnistuðlar eru mikilvægt verkfæri við vöktun. Það hefur verið venja að nota Shannon H' og Pileou einsleitnistiðul J', en hins vegar er Simpsons D stuðull sem sýnir sambærilegar niðurstöður og að mörgu leiti virðist sað stuðull henta betur til viðmiðunar við vöktun en Shannon. Báðir þessir stuðlar eru nefndir sem mögulegir stuðlar í skýrslu Hafrannsóknastofnunar (Sólveig Rós Ólafsdóttir o.fl. 2019).

Þar sem ekki eru merki lífræns álags við kvíarnar er sjálfsagt að hefja eldi að nýju.

## 5. Þakkir

Skipstjóri á þjónustubátnum var Axel Kristjánsson og hásetar: Jan Majchrzyci og Ryszard Hubert. Anna Hauksdóttir vann að töflugerð.

## 6. Heimildir

- Arastou Gharibi. 2011. Ecological quality assessment for Pollurinn (Ísafjörður) by using biotic indices. Master's thesis. Advisor: Dr. Thorleifur Eiríksson. University Centre of the Westfjords, University of Akureyri.
- Pileou, E. C. 1966. Shannon's Formula as a Measure of Specific Diversity: Its Use and Misuse. *The American Naturalist*, Vol. 100, No. 914, pp. 463-465.
- Pileou, E.C. 1966. Species-Diversity and Pattern-Diversity in the Study of Ecological Succession. *J. Theoret. Biol.* (1966) 10, 370-383.
- Shannon, C.E. 1948. A Mathematical Theory of Communication. Reprinted with corrections from *The Bell System Technical Journal*, Vol. 27, pp. 379–423, 623–656.
- Simpson, E.H. 1949. Measurement of Diversity. *NATURE*. 163, 688.
- Sólveig Rós Ólafsdóttir, Agnes Eydal, Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Kristinn Guðmundsson og Karl Gunnarsson. 2019. Gæðapættir og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlöta/ Quality Elements and Reference Conditions of Coastal Water Bodies. Hafrannsóknastofnun ISSN 2298-9137. HV 2019-53.
- Umhverfisstofnun. 2020. Starfsleyfi fyrir kvíaeldisstöð Laxa fiskeldis ehf. í Reyðarfirði. Umhverfisstofnun.
- Þorleifur Eiríksson og Böðvar Þórisson. 2003c. Botndýr við fyrirhugaðar fiskeldisstöðvar í Reyðarfirði. Skýrsla unnin fyrir Reyðarlax (Samherja). Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 11-03.
- Þorleifur Eiríksson og Guðmundur Víðir Helgason. 2016. Fjölbreytnistuðlar og vísitegundir við vöktun. Kímblaðið. 2016: 46-50
- Þorleifur Eiríksson og Þorleifur Ágústsson. 2007. Umhverfismál Þorskeldis. *Ægir*. 100:40-43.